

## Sóttvarnir og lýðræðisleg skylda stjórnvalda

Um miðjan desember í fyrra (2021) skrifaði hópur lækna, lögfræðinga og heimspekinga skoðanagrein í dagblaðið, Aftenposten, í Noregi. Titill greinarinnar er: „Það er ófullnægjandi lögum samkvæmt að segja, að „mikil aukning“ sé væntanleg, án sóttvarnaaðgerða“ (Á si at man venter „en stor ökning“ uten et smittverntiltak er ikke tilstrekkelig etter loven).

Þar í landi hafa stjórnvöld fylgt sömu aðgerðauppskrift og Íslendingar. (Erna Solberg og Katrín Jakobsdóttir eru skólasystur frá World Economic Forum.) Hún hefur einkennst af dómgreindarleysi og sefasýki með látlausum hræðsluáróði. Vísindum og „ábyrgum stofnunum“ erlendis hefur verið miskunnarlaust beitt í þessum ljóta áróðri. Þegar Þórólfur og græn fjólubláa ríkisstjórnin vísar til vísinda er venjulega átt við rannsóknir lyfjafyrirtækjanna, sem eru meingallaðar. Tölvulíkon hafa einnig verið í miklu uppáhaldi. Þau reikna samkvæmt forsendum. Forspárlíkanið í Háskóla Íslands hefur verið notað eins og völvan í Delfi forðum, vandræðalega spaugilegt.

Hugsandi fólk er nú að rumska og hristir af sér dómgreindardoðann. Nú er krafist svara og ábyrgðar. Þeir segja m.a.:

„Umræða undanfarinna daga [í desember] um sóttvarnir hefur greinilega leitt í ljós, að norsk yfirvöld sýna miður góða frammistöðu í því, sem lýtur að gagnsæju, sannreynanlegu mati á meðalhófi. Þetta gefur haft í för með sér ógn fyrir réttarríkið og lýðræðið.“

Þess er krafist, að Landlæknisembættið (Helsedirektoratet), gefi skýrslu, studda tölulegum upplýsingum, um:

- 1) Ógnina, þ.e. áætlaða áhættu fyrir íbúana, t.d. spá um sjúkrahúsinnlagnir og andlát vegna covid-19, spá um annað heilsutjón og mat á burðum heilbrigðiskerfisins til að sinna öðrum sjúklingum.
- 2) Áætluð gagnsemi af aðgerðum. T.d. að hve miklu leyti þess sé vænst, að innlögnum fækki í kjölfar grímuskyldu, bann við veitingu áfengra drykkja eftir miðmætti og niðurskipun við borð.
- 3) Áætlun um tjón og kostnað við smitvarnir. T.d. heilsutjón unga fólksins vegna andlegrar vanheilsu, hversu mörg fyrirtæki fari á hausinn, hversu margir launþegar séu sendir í leyfi og kostnað af uppbótaraðgerðum.

Bent er á, að ríkisstjórnin hafi ekki sýnt döngun til að skipa óháðan hóp sérfræðinga til að meta gildi aðgerðanna og forsendur þeirra. Í mars s.l. kom út skýrsla um gagnsemi sóttvarnarráðstafanna og kostnað í því sambandi. Höfundar komust að þeirri niðurstöðu, að í því efni sé engu unnt að slá föstu og mat sé huglægt.

Í niðurlagi greinarinnar er vitnað í Hans Fredrik Marthinussen, sem er prófessor í lögvísindum:

„Vönduð rökfærsla er kjarninn í hinu lýðræðislega eftirliti með yfirvöldum. Því það er einungis, þegar almenningi er gert fært að fara í saumana á mati yfirvalda, að raunverulegt tækifæri býðst til að gagnrýna þær ákvarðanir, sem teknar eru.“

Í vefmiðlinum Steigan.no er rökleysuleikrit norskra stjórnvalda skoðað betur. Í niðurlagi greinarinnar segir:

„Það hefur stjórnmalalegar og lögbundnar afleiðingar. Samkvæmt sóttvarnalögum eru aðgerðirnar ólöglegar. Það hefur varla nokkru sinni áður verið skýrari grundvöllur til málshöfðunar á hendur ríki og ríkisstjórn. Hvað stjórnmal varðar, hefur ríkisstjórnin skitið upp á bak og valdið atvinnulífinu, menningarlífinu og þegnunum miklu tjóni að nauðsynjalausu. En ætli nokkur á Stórþinginu hafi nógu öflugt hryggjarstykki til að stíga í pontu og krefjast þess, að Störe stjórnin axli ábyrgð?“

Nú er að sjá, hvort Alþingismenn hafi burði til að sinna skyldu sinni að þessu leyti.

<https://steigan.no/2022/02/aftenposten-fhi-har-bommet-gang-pa-gang/>

<https://www.aftenposten.no/meninger/debatt/i/MLmlem/aa-si-at-man-venter-en-stor-oekning-uten-et-smitteverntiltak-er-ikke-t>